

Alþingi
Erindi nr. P 126/967
komudagur 19.1.2001

Félag norrænna forvarða - Íslandsdeild
Nordisk Konservatorforbund - Den Islandske Sektion
IIC - Nordic Group

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvörp til Alþingis

Íslandsdeild Félags norrænna forvarða lýsir ánægju sinni yfir að hafa fengið neðantalin frumvörp til umsagnar:

Frumvarp til þjóðminjalaga, 223. mál, heildarlög;
Frumvarp til safnalaga, 224. mál, heildarlög;
Frumvarp til laga um húsafriðun, 225. mál, heildarlög;
Frumvarp til laga um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa, 226. mál.

Félagið fjallaði um frumvörpin á stjórnarfundum og félagsfundum sem haldnir voru 11. janúar sl. Tekin var ákvörðun um að skila umsögnum um eftirfarandi greinar:

Frumvarp til þjóðminjalaga, 223. mál, heildarlög

24.gr. Íslandsdeild félags norrænna forvarða leggur áherslu á að stjórn fornleifasjóðs sé skipuð fagaðilum, þannig að tryggt sé að styrkir séu veittir á faglegum grunni og að lagt sé hlutlægt mat á umsóknum. Æskilegt væri að félagi úr Íslandsdeild Félags norrænna forvarða ætti sæti í fornleifasjóði.

29.gr. Samkvæmt þessu á þjóðminjavörður að gefa leyfi til forvörslu. Félaginu þykir það ekki eðlilegt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta, bls. 9, næstsíðustu greinaskil: "Í tengslum við undirbúning....."

Íslandsdeild Félags norrænna forvarða fagnar þeirri hugmynd að setja á fót sérstaka forvörslustofnun, sem sinnt geti forvörslu og viðgerðum fyrir öll söfn í landinu. Þannig fyrirkomulag þekkist víða erlendis og hefur vægi slíkra stofnana farið vaxandi á síðari árum samfara aukinni menntun forvarða. Á undanförunum árum hefur umræða um þessi mál komið upp öðru hverju í Íslandsdeild Félags norrænna forvarða og er félagið reiðubúið til umræðna um forvörslu- og rannsóknastofnun og óskar eftir tilnefningu fulltrúa ef skipuð verður nefnd þar að lútandi.

Frumvarp til safnalaga, 224. mál, heildarlög

5. gr. Íslandsdeild Félags norrænna forvarða telur að eitt af meginhlutverkum Listasafns Íslands og Náttúrufræðisafns Íslands sem höfuðsafna sé að annast varðveislu safngripa.
7. gr. Íslandsdeild félags norrænna forvarða finnst eðlilegt að forstöðumenn höfuðsafna séu jafn hátt settir og taki ákvarðanir um og beri ábyrgð á gripum eigin safns.

Frumvarp til laga um húsafriðun, 225. mál, heildarlög

2. gr. Innan Félags norrænna forvarða starfa sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum forvörslu. Félaginu finnst æskilegt að forvörður, sérhæfður í forvörslu bygginga eigi sæti í húsfriðunarnefnd.

Reykjavík, 16. janúar 2001

f.h. Íslandsdeildar Félags norrænna forvarða


Rannver H. Hannesson formaður